

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 60 15. apríl 1964, um breytingu á reglugerð nr. 41 24. marz 1958, um happdrætti dvalarheimils aldraðra sjómanna.

1. gr.

Í stað „kr. 18 720 000.00“ í 2. gr. auglýsingarinnar komi: 31 500 000.00.

2. gr.

Í stað „kr. 720.00“ í 3. gr. komi: kr. 1 200.00 og í stað „kr. 60.00“ í sömu grein komi: 100.00.

3. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast gildi 10. apríl 1969.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð samkvæmt lögum nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, sbr. lög nr. 17 21. febrúar 1956 og lög nr. 52 20. apríl 1963, um breyting á þeim lögum og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 20/1966.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 28. marz 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 91.

28. marz 1969.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Stykkishólmskaupþún nr. 72 20. apríl 1965.

Á eftir X. kafla reglugerðarinnar komi inn nýr kafli, sem verði XI. kafli og tala kafla og greina breytist samkvæmt því.

Kaflinn er svo hljóðandi:

XI. KAFLI

Um hafnsögu á innhöfn Stykkishólmskaupþúns.

35. gr.

Undanþegin hafnsögugjaldi eru herskip og varðskip, skemmtiferðaskip, vitaskip ríkisins, öll skip sem heima eiga í Stykkishólmi og sömuleiðis öll íslensk fiskiskip, nema þau noti hafnsögumann.

36. gr.

Takmörk innri hafnarinnar er bein lína úr Fálkakletti, í austurhorn Súgandis-eyjar og þaðan bein lína í Svartatanga.

37. gr.

Hvert það skip, sem ætlar til Stykkishólms, og ber að taka hafnsögumenn, gefi merki um að það óski hafnsögumanns og skal þá hafnsögumaður fara út í skipið svo fljótt sem unnt er.

38. gr.

Ekkert skip, sem er stærra en 30 brúttó-rúmlestir, má sigla inn eða út úr innri höfninni, leggja að eða frá bryggju, né flytja sig til á höfninni nema undir stjórn hafnsögumanns, með þeim undantekningum, sem að framan greinir.

39. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá af brúttórúmlest, fyrir leiðsögu til hafnarinnar og frá henni:

Fyrir skip frá	30 til	200 brúttórúmlestir	kr.	415 inn og	275 út
— — —	200 —	300 —	—	555 —	415 —
— — —	300 —	500 —	—	695 —	555 —
— — —	500 —	1000 —	—	830 —	695 —
— — —	1000 brúttósmál.	og yfir	—	1110 —	830 —

Taxti þessi gildir jafnt sumar og vetur.

40. gr.

Hinn lögskipaði leiðsögumaður skipa í Stykkishólmi skal annast þessa hafnsögu og rennur hafnsögugjaldið til hans, en sjálfur sér hann sér fyrir farkosti til og frá skipi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 28. marz 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

G J A L D S K R Á

**Löggildingarstofnar fyrir löggildingu og eftirlit
með mælitækjum og vogaráhöldum.**

1. gr.

Löggildingargjöld.

1. Vogarlóð:

Þyngd: 1 g—20 g	kr.	5.00
— 50 g—200 g	—	8.00
— ½ kg—2 kg	—	15.00
— 5 kg—20 kg	—	25.00
— 50 kg	—	75.00
— 4—8 oz	—	9.00
— 1—2 lbs	—	15.00
— 5—7 lbs	—	20.00